

# Ferlisritun: UPPKAST

## (drafting)

### Aldurshópur

Öll stig grunnskólans

### Um uppkast

Annar hluti ferlisritunar felst í því að koma áður fengnum hugmyndum niður í samfelldan texta. Hér vinna nemendur út frá undirbúningsferlinu; tengja hugmyndir sínar saman og útskýra þær frekar. Nemendur eiga ekki að hugsa um skrift, frágang eða stafsetningu í þessum hluta ferlisins og það þurfa kennarar að leggja áherslu á við nemendur sína. Eins þarf að útskýra fyrir nemendum að textinn eigi eftir að breytast í ritunarferlinu og því er ekki ætlast til að nemendur ritskoði það sem þeir skrifa á þessu stigi máls. Fyrir suma nemendur gæti verið gott að heyra að enginn eigi eftir að lesa yfir uppkastið nema þeir sjálfir. Eins er gott að benda nemendum á að ekki er nauðsynlegt að setja efni texta fram í endanlegri röð, heldur má skrifa hann í þeirri röð sem þeim hentar best. Hvetjið nemendur til að skrifa strax niður allt sem þeim dettur í hug til að það gleymist ekki.

### Markmið

- Að kenna nemendum að koma hugmyndum sínum í samfelldan texta.
- Að kenna nemendum að tengja saman hugmyndir sínar.
- Að kenna nemendum að útskýra betur/útvíkka hugmyndir sínar.

### Fyrirmæli til nemenda

Annar hluti ritunarferilsins er gerð uppkasts. Í þessum hluta þá byrjar þú að skrifa samfelldan texta út frá hugmyndunum sem þú settir niður í undirbúningshlutanum. Mundu að:

- Þetta eru fyrstu skrif – ekki leiðréttu eða breyta neinu sem þú skrifar niður.
- Taktu áhættu – ekki reyna að gera textann fullkominn.
- Mundu að hlutir fara ekki alltaf eins og við áformum – það sama á við um ritverk.
- Ekki hafa áhyggjur af hversu mörg orð eru komin á blaðið. Þú getur alltaf bætt við (eða tekið í burtu) seinna.
- Ekki gefast upp – haltu áfram að skrifa!

## Útfærslur

Mörgum nemendum reynist erfitt að byrja á ritun og því gæti verið gott að æfa þá með einföldum æfingum og/eða hafa ritunaramboð sýnileg. Dæmi um hvoru tveggja fylgja þessari umfjöllun.

### Flæðiskrif

Nemandi skrifar í ákveðinn tíma (sem kennari stjórnar) það sem kemur upp í hugann og má ekki lyfta blýantinum af blaðinu eða taka fingurna af lyklaborðinu. Í upphafi og fyrir yngri nemendur getur tíminn verið svo skammur sem ein mínúta en fyrir eldri nemendur mun lengri og allt upp í fimmtán mínútur.


### Ritunaramboð

Ritunaramboð eru hjálpartæki; upplýsingar eða sýnidæmi sem nemandi getur nýtt sér í ritun, oftast í formi veggspjalda. Ávallt ætti að hafa stutta innlögn varðandi efni amboðanna áður en þau eru gerð nemendum sýnileg því þannig eru mun meiri líkur á að þau nýtist nemendum við skrifin. Hér að neðan má finna þrjú mismunandi ritunaramboð og stefnt er að því að bæta fleiri amboðum hér á *Læsisvefninn* undir *Verkfæri ritunar*.

# HVERNIG „KRÆKIR“ ÞÚ Í LESENDUR?

MEÐ SPURNINGU

Hvað hefur  
tíu fingur  
en átta tær?



MEÐ HLJÓÐÁRHRIFUM

Ahhhh!  
Þetta var  
gott!



MEÐ UPPHRÓPUN

Passaðu þig!  
Hillan er laus!



MEÐ STURLAÐRI STAÐREYND

Vissir þú að  
sniglar geta  
sofið í þrjú ár!



# HVERNIG BYRJA ÉG SKRIFIN?

## YFIRLÝSING eða STAÐREYND:

Komdu lesendum á óvart með stórri yfirlýsingu eða sturlaðri staðreynd!

## SAMTAL:

Byrjaðu á samtali milli tveggja persóna.

## PERSÓNULEG UPPLIFUN!

Segðu lesendum frá einhverju sem þú hefur sjálf/ur upplifað og tengist ritsmíðinni á einhvern hátt.

## LÍÐAN!

Segðu lesendum frá því hvernig þér líður varðandi það sem þú ert að skrifa um EÐA ef þetta er saga þá getur þú byrjað á að segja frá hvernig einhverri persónunni líður!

## ÚTSKÝRÐU PERSÓNU EÐA UMHVERFI:

Byrjaðu á að lýsa umhverfi sögunnar vandlega eða kannski aðalpersónu sögunnar.



## SPURNING:

Spurðu lesandann spurningar!

## SEGÐU BRANDARA!

Byrjaðu á brandara eða einhverju fyndnu sem kemur fyrir einhverja sögupersónuna.

## TILVITNUN:

Vitnaðu í eitthvað sem einhver sagði eitt sinn eða eitthvað sem þú hefur lesið.

## UPPHRÓPUN eða HLJÓÐ!

Láttu sögupersónu hrópa upp yfir sig eða gefa frá sér eitthvert hljóð!



# RÖKFÆRSLUSKRIF

## Dæmi um hvernig byrja má málsgreinar:

- |   |   |
|---|---|
| <ul style="list-style-type: none"><li>➤ Ég trúi ...</li><li>➤ Ég held ...</li><li>➤ Uppáhalds ...</li><li>➤ Það besta ...</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>➤ Mér líkar ...</li><li>➤ Mér líkar ekki ...</li><li>➤ Ég er sammála ...</li><li>➤ Ég er ósammála ...</li></ul> |
|---|---|

## Til að halda áfram í næsta útgangspunkt mætti nota:

- |  |   |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"><li>➤ Fyrst ...</li><li>➤ Í öðru lagi ...</li><li>➤ Það þriðja ...</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>➤ Eins má nefna ...</li><li>➤ Önnur ástæða ...</li><li>➤ Að síðustu ...</li></ul> |
|--|---|

## Til að ljúka ritsmíðinni mætti segja:

- |   |   |
|---|---|
| <ul style="list-style-type: none"><li>➤ Þess vegna ...</li><li>➤ Eins og sjá má ...</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>➤ Niðurstaða mín ...</li><li>➤ Skoðun mín ...</li></ul> |
|---|---|

